

GISSUR JARL

Söguskilningar og mannbekking

I.

ÞAÐ voru stórfróðlegir kaflar úr fróðlegu ritverki eftir dr. Sigurð Nordal, sem Helgi Hjörvar las upp í kvöld (13. 5.), og að vísu ekki eins vel og búast hefði mátt við af svo þaulæfðum manni. Því að honum varð á, það sem ekki má, en því miður svo mjög oft er gert að draga ósjaldan niður í sjer svo að ekki heyrist annað en einhver hrymjandi.

En þarna mátti ekki af neinu missa, því að mikilsvert er allt sem miðar til þess að fræða oss um sögu þjóðar vorrar og auka oss þar skilning.

Það var um Gissur jarl sem lesið var upp, og virðist mjer sem flestum, jafnvel einnig dr. Sigurði Nordal, sjáist að verulegu leyti yfir aðalatriði, þar sein um Gissur Þorvaldsson er að ræða. Gissur var vondur maður, grímmur og miskunnarlaus fremur flestum, eða eins og líklega væri rjettara að segja, öllum, sem frágir eru í sögu Íslendinga. Hann var í þessu efní andstæða við andstæðing sinn Þórð kakala, sem einnig var stórum meiri menntamaður en Gissur, og segja má að upptökum hafi átt að þessari dýrmætu sögu sein vjer nefnum Sturlungu. Það er býsna eftirketarvert, hversu munurinn er í þessu efní mikill á Haukdælum og Sturlungum, og mjer virðist jafnvel ekki ólíklegt, að íslenskt mál væri nū fyrir löngu undir lok liðið og einhver hálfútlend skrilska komin í

stæðinn, ef ekki hefði annara en Haukdæla við notið.

II.

Í Sturlungu er oss sagt frá því býsna fróðlega, hvernig Gissur Þorvaldsson, þá 14--15 ára gamall, kom einum af vitrustu mönnum aldarinnar fyrir sjónir. Sturla Sighvatsson gekk að eiga Sólveigu Sæmundardóttur frá Odda. Var þar veisla mikil, er þau giftust; en það var í Hrunahjá Þorvaldi Gissurarsyni. Var við átta mikil með þeim Þorvaldi og Sighvati, föður Sturlu. Svo sefir Sturlungu, II, s-119–20: „Þess er getið við, at þann dag er at brúi hlaupinu var setið. Íjet Þorvaldun kalla fram fyrir þá Sighvat börn sín fyrst börn þeirra Jóru biskupsdóttur ok sagði að henum þótti miklu trúlskipta, at Sighvati litist vel á börnum. Sighvatr horfði á þau um hrið ok sagði, at færri mundu mennilegri. Þá gengu Þóru börn fram, ok stéð Gizurr fyrir þeim frammi og hjelt Þorvaldr í hendr honum ok mælti: „Hjér er nú ástin míín Sighvatr bónið, ok það þætti hjer allmiklu málí skipta at hjer litist giptusamlega á þennan mann“. Sighvatr var um fár, ok horfði á hann langa stund. En Gizur stóð kyrr ok horfði einarðlcga á móti Sighvati. Sighvatr tók þá til orða, ekheldr stutt: „Eigi er mjer um ygrin þá“.

Vist má telja, að Sighvatur mundi ekki hafa komist að orði á þá leið sem hann vissi að mundi vera Þorvaldi vini hans mjög í móti skáfi. ef ekki hefði svipur hins unga sveins vakið mjög andúð hans. Þarf ekki að efa, að Gissur Þorvaldsson mun hafa verið, þegar hann óx upp, svípmikill, en ekki svipfagur, eins og ekki var heldur við að búast um slíkan mann.

III.

Sagt er í Sturlungu frá tveim atburðum sem einkar ljóslega sýna hið ferlega innræti Gissurar Þorvalds-sonar. Gerðist annar þegar Gissur var um þritugt, en hinn 25 árum síðar, fæeinum árum fyrir dauða illmennis-ins. Á Örygsstöðum áttust þeir við Sighvatur Sturluson og synir hans, en hinsvegar Gissur Þorvaldsson og Kolbeinn ungi; og varð sigurinn þeirra megin. Kom þar svo að Sturla Sighvatsson lá á jörðinni ósjálfbjarga, hafði lengið 3 sár, og eitt, spjótsstungu í kverkina sem virðist hafa verið til ólífis. Svo segir í Sturlungu II, s. 332: „Þá kom Gizurr til ok kastaði af honum hlifunum ok svá stál-húfunni. Hann tók breiðöxi úr hendi Þórði Valdasyni ok hjó í höfuð Sturlu vinstra megin fyrir aftan eyrat, mikil sár ok hljóp lítt í sundr. Þat segja menn þeir er hjá vóru, at Gizur hljóp báðum fótum upp við, er hann hjó Sturlu, svá at lopt sá milli fótanna ok jarðarinnar“.

Af þessum hamslausa ákafa Gissurar, er hann heggur í höfuð hinum helsærða, dauðvona manni, virðist m. a. ótvíráðlega mega marka, hve mjög honum hafði fundist hann vera minni maður en Sturla.

Fjórir voru þeir synir Sighvats sem parna hvoru drepnir, ásamt honum sjálfum, og var sá yngsti þeirra Þórður krókur, lítt af barnsaldri. En alls voru drepnir 6 synir Sighvats, allir nema Þórður kakali. Var þetta mikill skaði, því að allir munu þeir braður hafa verið í tölu mestu efnismanna sem á Íslandi hafa upp vaxið. Og svo jók Gissur því á ofan að láta drepa sjálfan Snorra.

IV.

Grimmlyndi Gissurar lýsir sjer ekki síður í framkomu hans gagnvart Þórði Andrjessyni, sem var frændi hans, kominn af Jóni Loptssyni, eins og hann, og hafði með honum dvalið. Gissur hafði með svikum náð þeim Oddaverjunum á vald sitt. Svo ger-sigraður var Þórður að hann hafði lagst undir böðulöxi, og frekari grimmð varð því ekki afsökuð með því, að hún væri nauðsynleg til þess að sigurinn gæti unnist. Svo segir í Sturlungu, IV, s. 130: „Geirmundr þjófr bjó á háls Þórði með öxi þeirri er Glyta var kölluð. Gizurr jarl þreifaði í sárit ok bað hann höggva annat, ok svá gerði hann“.

Svo lítið verður Gissuri um að láta drepa þennan frænda sinn, að hann þreifar í hið svíðandi sár.

Í Heimskringlu er sagt frá atviki, sem getur verið því til skýringar, vegna hvers Geirmundi þjóf tókst svona óhönduglega að höggva höfuð af Þórði Andrjessyni. Ólafur helgi reiddist Jökli Bárðarsyni, móðurbróður Grettis, og skipaði að höggva af honum höfuð. „Rjettist Jökull upp“ er han heyrði hvininn í vopninu,

svo að höggið kom í höfuðið, en ekki á hálsinum eins og til var stefnt. Líkt mun nú Þórði Andrjessyni hafa farið, og öxarhöggið því lent í hnakkabeinu. En svo grimimur sem Ólafur helgi var, þá er þess þó ekki getið að hann hafi þreifað í sárið eftir böðulöxina, eins og Gissur.

Gissur hefur verið ennþá grimmari en hinn norski postulakonungur, er svo hefur nefndur verið. En engu síður hefur hann verið heitur og einlægur trúmaður en Ólafur konungur. — Svo segir í Sturlungu, III, s. 284: „Þorbjörn heyrði at Gizurr bað fyrir sjer á marga vegu hátiðlega til guðs, svá at eigi kvaðst hann slíkan formála heyrt hafa“.

Minnist jeg þessi ekki, að hafa sjeð neina alveg fullnægjandi skýringu á því, að hinir mestu trúmann gátu jafnframt verið hin mestu illmenni og grimmdarseggir; eða jafnvel, að þessu hafi verið sú eftirtekt veitt sem vert hefði verið.

Þess er getið (St. III, s. 295), að Gissur „bar vel af sjer harma sína“ eftir Flugumýrabrennu, þar sem kona hans fórst og allir synir þeirra. Og jafnframt er þar skýringin á þessari stillingu hans. Hann átti mjög gott með að sofa: „aldrei bar honum þá hluti til handa í ófriði eða örðrum mannraunum, að honum kvaði þat fyrir málsvefni standa“.

Og hann bætti sjer brátt konumissinn. „Tók til sín Ingibjörgu Gunnarsdóttur til frillu ok unni henni brátt mikit; hún var sköruleg kona ok góð viðfangs fyrir margra hluta sakir“.

En engin börn átti Gissur með konu þessari; dó hann barnlaus, eins og Kolbeinn ungi; og virðist níjar eftirtektarvert, að Íslendingar skuli að engu leyti vera afkomendur þeirra manna sem með svo miklum firnum höfðu drepið niður ætt Sturlunga.

Helgi Pjeturss.